
ORLOFSBLAÐ

Orlofssjóður BHM • Janúar 2019 • 31. árgangur



Orlofssjóður
BHM



Stjórn OBHM.

Efri röð frá vinstri: Baldvin Zarióh (FH) ritari stjórnar, Lilja Grétarsdóttir (FÍN) varaformaður stjórnar og Björn Bjarnason (KVH). Neðri röð frá vinstri: Gerður Pálsdóttir (PÍ), Eyþóra Kristín Geirsdóttir (SL), formaður stjórnar, og Helga Kolbeinsdóttir (FRG) gjaldkeri stjórnar. Á myndina vantar Ásu Sigríði Þórisdóttur (FÍF).



Útgefandi: Orlofssjóður Bandalags háskólamanna

Ábyrgðarmaður: Erna Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri BHM

Útlit: Dynamo Reykjavík

Prentvinnsla: Oddi umhverfissvottað fyrirtæki 

Upplag: 11.000 eintök

Skrifstofa Bandalags háskólamanna

Borgartúni 6

105 Reykjavík

Sími: 595 5100

Fax: 595 5101

Netfang: sjodir@bhm.is

Vefur BHM: www.bhm.is

Vefur OBHM: <https://bhm.fritimi.is>

Þjónustuver BHM er opið virka daga milli kl. 9:00 og 16:00

 [Fylgið okkur á facebook](#)

EFNISYFIRLIT

Leiðari formanns	3
Úthlutun	4
Frí á eigin forsendum, viðtal við Þórkötl	
Aðalsteinsdóttur sálfræðing	7
Vesturland	8
Vestfirðir	10
Hagnýtar upplýsingar	12
Norðurland	13
Austurland	16
Suðurland	18
Verðlaunamyndir í ljósmyndasamkeppni	
OBHM árið 2019	21
Höfuðborgarsvæðið	23
Útlönd	25
Aðbúnaður	30

LEIÐARI FORMANNS

Ágætu sjóðfélagar

Góð heilsa er eitt það allra mikilvægasta í lífi hvernar manneskju. Undanfarið hefur farið fram mikil umræða um mikilvægi þess að þekkja merki kulnunar í starfi og grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða þegar og ef slík merki gera vart við sig. Ein áhrifamesta mótvægisáðgerðin gegn kulnun í starfi er að fara í gott frí. Í viðtali á blaðsíðu sjö fer Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur vel yfir þau mál.

Orlofssjóður BHM býður upp á marga orlofskosti nú sem endranær bæði í formi orlofsdvalar og niðurgreiðslu á ýmskonar afþreyingu fyrir sjóðfélaga. Er þessum kostum öllum gerð góð skil hér í blaðinu. Í sumar mun Orlofssjóðurinn bjóða upp á 87 hús eða íbúðir innanlands og 10 erlendis. Fjöldi vikna sem standa til boða næsta sumar eru 1047 innanlands og 137 erlendis. Það er aukning frá framboði síðasta sumars. Sérstök athygli er vakin á að nýir orlofskostir eru m.a. í boði á Siglufirði, Skálá og Borgarfirði eystri. Sem dæmi um þá afþreyingu sem að einhverju leyti er niðurgreidd af sjóðnum fyrir sjóðfélaga má nefna Veðikortið, Útilegukortið og gistingu á hótelum innanlands. Þá er einnig hægt að kaupa, á niðurgreiddu verði, gjafabréf hjá ferðafélögunum Útivist og Ferðafélagi Íslands og flugfélögunum Flugfélagi Íslands, Icelandair, Flugfélaginu Erni og Wow air.

Nú sem endranær eru allir sjóðfélagar, sem hug hafa á að nýta orlofskosti að sumri, hvattir til að sækja um úthlutun. Á blaðsíðum fjögur til sex má sjá ítarlegar upplýsingar um úthlutanir. Vakinn er sérstök athygli á að alltaf er töluverð hreyfing á þeim orlofskostum sem bjóðast eftir að úthlutun er lokið. Þeir sem sent hafa inn umsókn fyrir tímaþilið, geta þá bókað orlofskosti sem losna á undan öðrum sjóðfélögum sem ekki sóttu um það árið. Þá er enn í gildi það fyrirkomulag við sumarúthlutun orlofshúsa að eitt hús í Aðaldal, Brekkuskógi, Hraunvéum og Miðhúsum eru undanskilin úthlutun. Mun punktafjöldi því ekki hafa áhrif á möguleika sjóðfélaga til að fá þessi hús heldur ræður þar reglan „fyrstur bókar, fyrstur fær“. Þess er vænst að þetta fyrirkomulag auki möguleika þeirra sem eiga fáa punkta til að fá orlofshús að sumarlagi.

Póstlisti sjóðsins nýtur vaxandi vinsælda og er það vel þar sem sjóðfélagar hafa mikla hagsmuni af því að vera þar skráðir með virk netföng. Allir sjóðfélagar eru því hvattir til að skrá sig á pósthlistann á bókunarvefnum bhm.fritimi.is með því að skrá sig inn og velja pósthlistann. Sjóðfélagar eru einnig hvattir til að fylgja facebook síðu sjóðsins (Orlofssjóður BHM). Með því er tryggt að allar nýjustu upplýsingar um laus hús og fleira berist sjóðfélögum hratt og örugglega.

Vert er að geta þess að á vormánuðum verða tekin

í notkun tvö endurbyggð A-hús í Brekkuskógi en þau eru aðeins stærri en þau nú sem hafa verið endurnýjuð undanfarin ár. Góður rómur hefur verið gerður að endurbótum A-húsa og eru húsin vinsæl til leigu allt árið. Í Brekkuskógi hefur verið lokið við að leggja bundið slitlag á vegi og bílaplön auk þess sem nýtt áhaldahús hefur verið tekið í notkun við Brekkubing. Endurbótum á íbúðum í Reykjavík og fjórum húsum í Aðaldal verður lokið fyrir sumarúthlutun auk þess sem unnið verður að endurbótum utanhúss í Miðhúsum við Egilsstaði en þar hafa útileiktæki verið endurnýjuð og aðgengi að húsunum bætt.

Ánægjulegt er að segja frá nokkrum breytingum á starfsemi sjóðsins á síðastliðnu ári. Fyrst ber að nefna að nú í haust var ákveðið að fara í skipulagsbreytingar varðandi umsjón fasteigna sjóðsins og ráða til starfa umsjónarmann fasteigna. Umsjónarmaður fasteigna OBHM hóf störf í ársbyrjun 2019 og mun hann meðal annars sjá um verklegar framkvæmdir sem tengjast viðhaldi og viðgerðum á fasteignum sjóðsins í Brekkuskógi, Reykjavík og Borgarfirði. Í þessu felst m.a. að gera áætlanir um verklegar framkvæmdir, eftir atvikum semja við verktaka og hafa eftirlit með vinnu þeirra. Samhliða þeirri ráðningu hefur sjóðurinn gert samning við Securitas ehf. um yfirferð húsa í Brekkuskógi að loknum leigum og sínavörslu utan dagvinnutíma. Það er von stjórnar sjóðsins að þessar breytingar leiði m.a. til markvissara viðhalds eigna og bættri þjónustu til sjóðfélaga.

Vakinn er sérstök athygli á að vefur og orlofs-eignakerfi sjóðsins hefur gengið í gegnum umbætur á árinu. Kapp hefur verið lagt á að bæta notendavænleika kerfanna. Hér má sérstaklega nefna að enskri þýðingu verklagsreglna hefur verið bætt við vef, hnappi til að afþakka sendingu Orlofsblaðs komið fyrir og greiðsluskilmálar hafa verið uppfærðir með tilliti til nýrra viðmiða í persónuvernd. Eins er vert að minnast á nýjan samning OBHM um færsluhirðingu sem gerir sjóðnum kleift að taka við greiðslum frá öllum greiðslukortum, þ.m.t. debetkortum.

Í haust var viðhorfskönnun OBHM lögð fyrir sjóðfélaga sem skráðir eru á pósthlisti sjóðsins en niðurstöður þeirrar könnunar koma til með að nýtast stjórn sjóðsins vel í þeim störfum sem framundan eru. Ómetanlegt er að hafa glögga mynd af þörfum og væntingum sjóðfélaga þegar kemur skipulagningu verkefna á vegum sjóðsins og eru sjóðfélagar því hvattir til að láta þjónustuver BHM vita um allt sem betur má fara í starfsemi sjóðsins.

Að lokum er mildilega minnt á að góð umgengni um leigukostina okkar kemur okkur öllum til góða. Þá er rétt að árétta að mikilvægt er að orlofsgeistir hugi sérstaklega vel að öryggi barna á hverjum stað fyrir sig þar sem aðstæður eru mismunandi eftir orlofskostum.

Með ósk um ánægjulegt og heilsueflandi orlof.

*Eyþóra Kristín Geirsdóttir
formaður stjórnar OBHM*

ÚTHLUTUN

Á vef sjóðsins bhm.fritimi.is má finna allar upplýsingar um orlofskosti og rafrænt umsóknarform. Sjóðfélagar eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig inn á orlofsvefinn og skrá sig á póstlista sjóðsins.

Úthlutun og punktar

Úthlutun vegna páska- og sumarleigu fer eftir punktastöðu félagsmanna, því fleiri punktar þeim mun meiri möguleikar á úthlutun. Sjóðfélagar ávinna sér 48 punkta á ári eða 4 punkta fyrir hvern mánuð sem greitt er í sjóðinn. Hægt er að sjá punktastöðu á bókunarvefnum.

150 punktar dragast af inneign við páska- og sumarúthlutun innanlands sem utan.

Niðurstöður liggja fyrir örfáum dögum eftir að umsóknarfresti lýkur og eru sendar í tölvupósti ásamt greiðsluupplýsingum á það netfang sem gefið er upp í umsókn.

En ef ég er ...

• í fæðingarorlofi

Sjóðfélagar halda óskertum réttindum í fæðingarorlofi með því að greiða stéttarfélagsgjald af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

• atvinnuleitandi/í námsleyfi

Þú getur óskað eftir að greiða árgjald í orlofs-sjóðinn og haldið fullum réttindum í sjóðnum. Gjaldið er nú kr. 3.000.

• öryrki

Þú getur óskað eftir að greiða árgjald í orlofs-sjóðinn og haldið fullum réttindum í sjóðnum. Gjaldið er nú kr. 3.000.

• lífeyrisþegi

Lífeyrisþegar geta gegn greiðslu ævigjalds haldið réttindum í sjóðnum ævilangt. Þetta miðast við að viðkomandi hafi notið fullra réttinda í sjóðnum við starfslok.

Vetrarleiga

Yfir vetrartímann er hægt að leigja:

Öll húsin í Brekkuskógi – Öll húsin við Hreðavatn – Eina íbúð á Akureyri – Þrjú hús í Hlíðarfjalli – Þrjár íbúðir í Reykjavík – Íbúð í Stykkishólmi – Tvö hús í Miðhúsum við Egilsstaði – Tvö hús á Blönduósi – Eitt hús á Hólmavík.

Leigutímabil og opnanir

Opnað er fyrir umsóknir um orlofshús í vetrarleigu sem hér segir:

15. febrúar 2019 kl. 12:00

Opnað fyrir leigutímabilið 30. apríl til 7. júní 2019

18. júní 2019 kl. 12:00

Opnað fyrir leigutímabilið 30. ágúst til 30. september 2019

15. júlí 2019 kl. 12:00

Opnað fyrir leigutímabilið 30. september til 31. október 2019

15. ágúst 2019 kl. 12:00

Opnað fyrir leigutímabilið 31. október til 1. desember 2019

16. september 2019 kl. 12:00

Opnað fyrir leigutímabilið 1. desember 2019 til 6. janúar 2020

Verði breytingar á þessum dagsetningum verður tilkynnt um það á vef Orlofssjóðs og auk þess sendur út póstur á póstlista sjóðsins.

Páskaleiga

Opnað var fyrir umsóknir vegna páskaútleigu árið 2019 þann 15. janúar (þriðjudagur).

Útleigutímabilið er frá 17. apríl (miðvikudagur) til og með 24. apríl (miðvikudagur).

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti þann 3. mars (sunnudagur) og stefnt er á að úthlutun fari fram 6. mars (miðvikudagur).

Sjóðfélagar sem fá úthlutað um páska hafa tvær vikur til að ganga frá greiðslu, en greiðslufrestur rennur út á miðnætti 19. mars (þriðjudagur).

Einum degi síðar opnast bókunarvefur í eina viku eða frá og með 21. mars kl. 12:00 (fimmtudagur) til og með 28. mars (fimmtudagur). Þessi opnun er **EINUNGIS** fyrir þá sem sóttu um en fengu ekki úthlutað og fyrir þá sem greiddu ekki á réttum tíma. **ATH.** Hér gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“ fyrir þá einstaklinga sem mæta áðurnefndum skilyrðum.

Orlofshús sem ekki verður úthlutað í páskaleigu verða færð á bókunarvef Orlofssjóðs BHM á miðnætti þann 28. mars (fimmtudagur). Þá gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Sumarleiga

Innanlands:

Opnað var fyrir umsóknir vegna sumarútleigu árið 2019 þann 30. janúar (miðvikudagur).

Útleigutímabilið er frá 14. júní (föstudagur) til og með 23. ágúst (föstudagur).

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti þann 31. mars (sunnudagur) og stefnt er á að úthlutun fari fram 3. apríl (miðvikudagur).

Eftir að úthlutun hefur átt sér stað hafa þeir sjóðfélagar sem fá úthlutaðu orlofshúsi í sumarleigu tvær vikur til að ganga frá greiðslu. Greiðslufrestur rennur út á miðnætti 16. apríl (þriðjudagur).

Einum degi síðar opnast bókunarvefur í viku eða frá og með 18. apríl (fimmtudagur) kl. 12:00 til og með 25. apríl (fimmtudagur). Þessi opnun er **EINUNGIS** fyrir þá sem sóttu um en fengu ekki úthlutað og fyrir þá sem greiddu ekki á réttum tíma. **ATH.** Hér gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“ fyrir þá einstaklinga sem mæta áðurnefndum skilyrðum.

Þann 26. apríl (föstudagur) kl. 12:00 verða orlofshús sem ekki hefur verið úthlutað færð á bókunarvef og öllum sjóðfélögum gefst kostur á að bóka samkvæmt reglunni „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Utanlands:

Opnað var fyrir umsóknir til leigu í útlöndum árið 2019 þann 8. janúar (þriðjudagur).

Útleigutímabilið er frá enda maí til enda september. Athugið að útleigutímabilið er mismunandi eftir húsum.

Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti þann 12. febrúar (þriðjudagur) og stefnt er á að úthlutun fari fram 14. febrúar (fimmtudagur).

Sjóðfélagar sem fá úthlutað íbúð í útlöndum hafa tvær vikur til að ganga frá greiðslu. Greiðslufrestur rennur þá út á miðnætti 27. febrúar (miðvikudagur).

Einum degi síðar opnast bókunarvefur í eina viku eða frá 1. mars (föstudagur) kl. 12:00 til og með 8. mars (föstudagur). Þessi opnun er **EINUNGIS** fyrir þá sem sóttu um en fengu ekki úthlutað og fyrir þá sem greiddu ekki á réttum tíma. **ATH.** Hér gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“ fyrir þá einstaklinga sem mæta áðurnefndum skilyrðum.

Orlofshús erlendis sem ekki verður úthlutað verða færð á bókunarvef Orlofssjóðs BHM á miðnætti þann 8. mars (föstudagur). Þá gildir reglan, „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

ATH. Verði minniháttar breytingar á ofangreindu verður tilkynnt um þær breytingar á vefnum bhm.fritimi.is undir dálknum „Tilkynningar“. Verði meiriháttar breytingar á þessum upplýsingum er sendur póstur á póstlista sjóðsins.

Allir mega sækja um

Allir sjóðfélagar Orlofssjóðs BHM eiga rétt á að sækja um þá orlofskosti sem í boði eru hverju sinni. Punktaeign hefur ekki áhrif á þann rétt. Hins vegar hefur punktaeign áhrif á möguleika sjóðfélaga til að fá úthlutað.

Þeir sem fá synjun

Ef sjóðfélagi sem fær úthlutun greiðir ekki leigugjald innan tilskilins tímafrests er viðkomandi orlofskostur laus. Þá geta þeir einir bókað sem sóttu um og var synjað eða gleymdu að borga úthlutun.

Kvittanir má nálgast á bókunarvefnum

Sjóðfélagi getur nálgast allar kvittanir á vefsvæði sínu á bókunarvefnum.

Númerið á lykaskápnunum

Á kvittunum sem hægt er að nálgast á bókunarvefnum er númer sem notað er til að komast í lykil að viðkomandi orlofshúsi. Hann er í lykaskáp sem er staðsettur við útidyr hússins. Ekki er sendur út tölvupóstur með þessu númeri.

Gæludýr

Við biðjum gesti um að virða reglur varðandi gæludýr í orlofshúsum og minnum á að lausaganga hunda er stranglega bönnuð. Gæludýraeigendum er bent á að hafa meðferðis matarskál og undirlag fyrir dýrið til að liggja á.

Gæludýrahús

- Eitt hús á Hreðavatni.
- Fimm hús í Brekkuskógi, fjögur A-hús og eitt F-hús.
- Eitt hús í Hlíðarfjalli.

Inn á orlofsvef má sjá frekari upplýsingar um gæludýrahús í flokknum „*Gæludýr velkomin*“.

Gott aðgengi fyrir hjólastól

- Eitt hús í Brekkuskógi
- Tvö hús í Hlíðarfjalli
- Íbúð við Skólaveg í Vestmannaeyjum

Að gefnu tilefni

Orlofssjóðurinn biður sjóðfélaga vinsamlegast um að virða og fara eftir þeim gestafjölda sem upp er gefinn.

Aðstaða fyrir tjöld og vagna við sumarhús

Ekki er leyfilegt að setja upp tjöld, vagna eða fellihýsi við sumarhús.

Óskilamunir

Orlofsgestir eru hvattir til að fara vel yfir húsin við brottför. Óskilamunum skal koma til umsjónarmanns eða á skrifstofu sjóðsins Borgartúni 6 þar sem hægt er að vitja þeirra.

Það sem fylgir húsunum

Flest orlofshús OBHM innanlands eru með svipuðum búnaði en lista yfir búnað er að finna aftast í blaðinu. Yfirleitt er svefnpláss fyrir sex til átta manns og borðbúnaður er oftast fyrir átta sem og sængur og koddar. Öll venjuleg eldhúshöld eru staðar, ísskápur og eldavél. Sturta í baðherbergi. Barnastóll og barnarúm, sjónvarp, útvarp og útigrill eru í öllum húsum. Almennt ættu sumarhúsagestir að hafa með sér handsápu, handklæði og diskapurrkur. Lín utan um sængur þarf að hafa með sér en hægt er að leigja það í Brekkuskógi. Efni og áhöld til þrifa er að finna í öllum húsum, þ.e. uppþvottabursti, gólfþvegill, kústur, gólfþápa, wc-hreinsir, grófur svampur eða tuska og þvottalögur.

Umgengni lýsir innri manni

Ef ekki er þrifið nægilega vel að mati umsjónarmanns þarf að greiða þrífagjald. Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu því sem fylgir. Skal hann þrifa m.a. ísskáp, eldavél og ofn, skápa, salerni og grill. Einnig ber að þurrka af og skúra gólf, loka gluggum og hurðum vandlega. Sjóðfélagi má ekki framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum að leigja í sínu nafni.

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann eða sendið póst á sjodir@bhm.is

Frí á eigin forsendum

Viðtal

Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur hjá Líf og sál hefur um árabil sinnt ráðgjöf varðandi kvíða, streitu og samskipti auk handleiðslu fagfólks og ráðgjöf á vinnustöðum. Hún segir mjög mikilvægt að fara í frí nokkrum sinnum á ári en mikilvægast þó að skilja vinnuna eftir í vinnunni.

„Starfshlutverkið er krefjandi hlutverk þar sem aðrir eiga kröfu á tímann þinn og orku. Við verðum að vera vel upplögð og í lagi til að sinna vel þessu hlutverki,“ segir Þórkatla. „Og það gefur auga leið að þar af leiðandi þurfum við að fá pásu frá hlutverkinu til að safna okkur saman, hvíla okkur og minna okkur á hver við erum, hverjar þarfir okkar og skyldur eru utan vinnunnar, til dæmis gagnvart okkar nánustu. Það er okkur algerlega lífsnauðsynlegt að taka hlé til að geta sinnt þessum hlutverkum og hafa ráðrúm til að gera það heilshugar.“

Þórkatla er þeirrar skoðunar að flestir þurfi að taka smáhlé á svona þriggja mánaða fresti og lengra hlé að minnsta kosti einu sinni á ári.

„Við erum mörg hver þannig að vinnan fer aldrei langt frá okkur í þessari venjulegu vinnuviku. Við erum strax á sunnudagskvöldi farin að hugsa um vikuna framundan þannig að við fáum kannski bara pásu á laugardegi. Þessvegna er svo mikilvægt að komast stundum í lengri helgarfrí, jafnvel vikufrí, nýta vel páska og jólafrí og vetrarfrí grunnskólanna ef það á við.“

Hún bendir líka á mikilvægi þess að skilja vinnuna eftir í vinnunni. „Við þurfum að vera dugleg að skilja á milli vinnu og einkalífs svo við séum ekki að hugsa um vinnuna heima á kvöldin eða endalaust skrollandi niður tölvupóstinn okkar, hvorki bjóða okkur sjálfum né okkar nánustu upp á það. Þá geta þessir sumarleyfis dagar gert heilmikið og verið nógu langur tími til að endurnæra okkur.“

Þórkatla varar þó við því að ætla sér of mikið í sumarfríinu. „Við verðum að nýta frítímann af skynsemi og ekki vera endalaust að krefjast frammistöðu af okkur sjálfum,“ segir hún og bætir við: „Þetta er ekki keppni í því hver á mest spennandi fríið eins og er hægt að fá á tilfinninguna stundum þegar litið er yfir facebook á sumarleyfistíma. Það er mikilvægt að taka letidaga og vera í fríi á eigin forsendum til þess að vinda ofan af okkur og hvíla okkur.“

Hún segir ekki endilega nauðsynlegt að fara burt í fríinu. „Mörgum finnst dásamlegt að nýta leyfið sitt til að byggja upp heimilið sitt, drekka kaffið sitt í rólegheitum og njóta þess að vera heima. En ef vinnan er mjög krefjandi og togar




mikið í okkur þá getur það hjálpað heilmikið að upplifa nýtt umhverfi og fá þannig meiri fjarlægð á vinnunna svo það sé meira svigrúm til að njóta og hvíla sig. En það mikilvægasta er, hvað svo sem fólk gerir í fríinu sínu, að skilja vinnuna eftir svo við finnum síður fyrir kulnuna einkennum eða örmögnun út af álagi.“

Þórkatla segir eina meginástæðu kulnunar í starfi tengjast því að fólk sé of upptekið af starfshlutverkinu. „Það ber hver og einn ábyrgð á því að þekkja sig og sín mörk í þeim aðstæðum. Að sjálfsgöðu bera stjórnendur ábyrgð á því að ekki sé verið að misbjóða fólk í vinnunni en það verður líka hver og einn að vera vakandi fyrir því sem hann eða hún þolir og láta vita áður en í ófni er komið.“

Eitt af því sem Þórkatla nefnir sem mikilvægan þátt í því að taka sumarfrí er tilhlökkun. „Að sjá sig fyrir sér í fríinu og ná í vellíðan gegnum það verður oft til þess að fólk upplifir að það stýri lífi sínu og getur einnig gert það bærilegra þegar koma upp erfiðar aðstæður í vinnunni. Fríið er því bæði skipulagið og undirbúningurinn og svo minningarnar þegar heim er komið, rifja upp og skoða myndir, þetta heldur okkur líka gangandi.“

Sjálfri finnst Þórkötlu hún endurnæra sig best þegar hún upplifir einhverja útivist. „Til dæmis í göngu, golfi eða á skíðum. En það er ekki neitt til sem heitir uppskrift og mestu máli skiptir að taka frí á sínum eigin forsendum.“

Þórkatla segir að fólk eigi að fara í frí á eigin forsendum og gera það sem veitir vellíðan og ánægju. Hér er hún sjálf í golfi.



VESTURLAND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Hvalfjarðarsveit Hafnarás 5	1	94	3	nei	6-8	8	já	nei	nei	gas	nei
Hreðavatn v/Bifröst	4	52	3	nei	6-8	6	já	já	nei	gas	já
Hreðavatn v/Bifröst nr. 22	1	52	3	nei	6-8	6	já	já	nei	gas	já
Hreðavatn v/Bifröst nr. 10	1	89	3	nei	8	8	já	já	nei	gas	já
Stykkish. Laufásvegur 21	1	67	3	2 hæðir	7	7	já	já	nei	gas	nei
Stykkish. Reitarvegur 2	1	65	2	nei	6-8	8	já	nei	já	kola	nei

Skiptidagar eru föstudagar. Nettenging er í orlofshúsunum við Hreðavatn. Gæludýr velkomin í hús nr. 22 við Hreðavatn og á Reitarvegi í Stykkishólmi.



HVALFJARÐARSVEIT HAFNARSELI

Húsin nr. 5 og 7 er í skipulögðu sumarhúsaðverfi norðan við Hafnarás í Hvalfjarðarsveit.

- *Leigutími: 07/06 – 30/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



HREÐAVATN V/BIFRÖST – Hús nr. 22-24 og 29

Húsin eru í landi Hraunvéa. Veiðileyfi í Hreðavatni fylgir með í leigu að sumri. Gæludýr eru velkomin í hús nr. 22.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



HREÐAVATN V/BIFRÖST – Hús nr. 10

Húsið er í landi Hraunvéa. Veiðileyfi í Hreðavatni fylgir með í leigu að sumri.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 40.700*



STYKKISHÓLMUR LAUFÁSVEGUR 21

Íbúðin er í raðhúsalengju.


- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



STYKKISHÓLMUR REITARVEGUR 2

Hús með góðu útsýni yfir sjóinn. Gæludýr eru velkomin.

- *Leigutími: 03/05 – 27/09/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



VESTFIRÐIR

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Bardaströnd Flókalundur	1	42	2	nei	6-7	6	já	nei	nei	gas	nei
Þingeyri Aðalstræti 22	1	110	3	2 hæðir	6	6	nei	nei	Já	kola	nei
Þingeyri Vallargata 18	1	98	2	nei	4-6	8	já	nei	já	kola	nei
Dýrafjörður Ketilseyri	1	158	4	nei	8	8	já	já	já	gas	já
Súðavík Túngata 14	1	122	4	nei	8	8	nei	já	já	gas	já
NYTT Súðavík, Aðalgata 56	1	125	4	0	8	8	nei	já	já	nei	nei
Hólmavík Höfðagata 13	1	115	4	2 hæðir	10	10	já	nei	nei	gas	nei
Tálknafj. Kirkjubraut 2, 4 og 6	2	78	2-3	já	7	7	nei	já	nei	gas	nei

Skiptidagar eru föstudagar.



BARÐASTRÖND FLÓKALUNDUR

Hús nr. 13.

- *Leigutími: 07/06 – 06/09/2019*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



ÞINGEYRI AÐALSTRÆTI 22

Einbýlishús á tveimur hæðum.

- *Leigutími: 07/06 – 23/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



ÞINGEYRI VALLARGATA 18

Raðhús á einni hæð.

- *Leigutími: 07/06 – 23/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



DÝRAFJÖRÐUR KETILSEYRI

Einbýlishús á einni hæð.

- *Leigutími: 14/06 – 23/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



SÚÐAVÍK TÚNGATA 14

Einbýlishús á einni hæð.

- *Leigutími: 07/06 – 30/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



SÚÐAVÍK Aðalgata 56

Einbýlishús á einni hæð.

- *Leigutími: 31/05 – 30/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*

NÝTT



HÓLMAVÍK HÖFÐAGATA 13

Húsið stendur neðst í bænum við smábatahöfnina.

- *Leigutími: 24/05 – 05/07/2019 og 12/07 – 26/07/2019 og 02/08 – 30/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



TÁLKNAFJÖRÐUR KIRKJUBRAUT 2, 4 og 6

Tvö hús í útjaðri bæjarins, stutt í fallegar náttúruþerlur.

- *Leigutími: 31/05 – 23/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Bókunarvefur Orlofssjóðsins

Aðgangur að bókunarvef fæst með rafrænum skilríkjum eða kennitölu og Íslykli.

Ef þú hefur gleymt eða glatað Íslyklinum þínum getur þú sótt um nýjan á innskráningarsíðunni og fengið hann sendan í heimabanka eða í pósti á lögheimili.

Hægt er að skoða, án innskráningar á bókunarvef, hvað er laust til bókunar.

Flakkari – „fyrstur bókar, fyrstur fær“

Flakkaranum er ætlað að auka möguleika þeirra sem eiga fáa punkta til að fá orlofshús að sumri. Þetta virkar þannig að einu húsi í hverjum landshluta er haldið frá og unnt er að leigja það eina viku.

Húsin eru í Aðaldal, Brekkuskógi, Hraunvéum og Miðhúsum.

Flakkarinn tekur ekki mið af punktæign umsækjanda. Allir sjóðfélagar geta bókað þessi hús frá og með 26. apríl kl. 12:00. **ATH.** Hér gildir „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Flakkarahúsin árið 2019 eru Aðaldalur 3, Brekkuskógur C-29, Hreðarvatn 21 og Miðhús 3

Í boði fyrir sjóðfélaga

Gerðir hafa verið samningar við nokkur leiðandi þjónustufyrirtæki á ferðamarkaði og njóta sjóðfélagar góðs af því.

• Laugarvatn Fontana

Sjóðfélögum býðst tveir fyrir einn af almennu gjaldi. Taka þarf fram í afgreiðslu að maður sé félagi í OBHM og gefa þarf upp fullt nafn og kennitölu.

• Gjafabréf hjá Útivist

Gjafabréf sem gilda í ferðir sem auglýstar eru í ferðaáætlun. Ferðir bókast hjá Útivist í síma 562 1000 sjá nánar á www.utivist.is.

• Gjafabréf hjá Ferðafélagi Íslands

Gjafabréf gilda í ferðir sem auglýstar eru í ferðaáætlun Ferðafélagsins. Ferðir bókast hjá Ferðafélaginu í síma 568 2533, sjá nánar á www.fi.is.

• Gjafabréf í flug

Sjóðfélögum býðst að kaupa gjafabréf/flugsæti í flug hjá Icelandair, WOW air, Air Iceland Connect og Flugfélaginu Erni (flugsæti) á bókunarvef OBHM.

• Veðikortið og Útilegukortið

Sjóðfélögum býðst að kaupa kortin á bókunarvef OBHM.

• Afsláttur af gistingu

Sjóðfélagar geta keypt afsláttarmiða í gistingu sem hægt er að nýta til greiðslu á fjölmörgum hótélum innanlands.

Sjá nánari upplýsingar um það sem í boði er á bókunarvef OBHM (bhm.fritimi.is).



NORÐURLAND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Blönduós Brautarhvammur	2	56	2	nei	6-8	8	já	nei	já	gas	já
Hólar í Hjaltadal	1	98	3	nei	7	7	nei	nei	nei	nei	nei
Hólar í Hjaltadal	1	78	2	nei	4-6	6	nei	nei	nei	nei	nei
Hraun í Öxnadal	1	115	3	já	6-8	8	nei	já	já	kol	nei
Ólafsfjörður Þverá nr. 9	1	100	2	nei	6-8	6	já	nei	nei	gas	já
Ólafsfjörður Þverá nr. 7	1	60	2	nei	8	8	já	nei	nei	gas	já
Skálá í Felli	1	170	5	nei	10	10	nei	já	já	nei	já
Siglufjörður Gagginn/stærri íbúð	1	95	2	nei	6	6	nei	já	já	nei	nei
Siglufjörður Gagginn/minni íbúð	1	69	1	nei	4	4	nei	já	já	nei	nei
Hrísey Berg	1	86	3	nei	8	8	já	já	nei	gas	nei
Akureyri Hrafnagilsstræti	1	83	2	nei	4-6	6	já	já	nei	nei	nei
Akureyri Hálönd	3	108	3	nei	10	10	já	já	já	gas	já
Fnjóskadalur Illugastaðir	2	45	2	nei	8	8	já	nei	já	gas	já
Aðaldalur m/svefnlofti	5	45	2	já	6-8	8	já	nei	nei	gas	nei
Aðaldalur	1	46	2	nei	4-6	7	já	nei	nei	gas	nei
Fnjóskadalur Illugastaðir	2	45	2	nei	8	8	já	nei	já	gas	já
Svarfaðardalur Laugasteinn	1	110	3	nei	6-8	6	já	já	já	gas	nei

Skiptidagar eru föstudagar. Gæludýr eru velkomin í Brautarhvammi og einu húsi í Hálöndum.



BLÖNDUÓS BRAUTARHVAMMUR

Þrjú hús eru í boði.
Gæludýr eru velkomin.

- *Leigutími:* 31/05 – 23/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 32.700



HÓLAR Í HJALTADAL

Í boði eru tvær íbúðir, önnur er tveggja herbergja en hin þriggja.

- *Leigutími:* 07/06 – 23/08/2019
- *Vikudvöl:* Minni íbúðin er á kr. 29.200 en stærri kr. 36.700



HRAUN Í ÖXNADAL

Einbýlishús á þremur hæðum.

- *Leigutími:* 14/06 – 30/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 36.700



ÓLAFSFJÖRÐUR ÞVERÁ

Hús nr. 7.

- *Leigutími:* 07/06 – 30/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 36.700



ÓLAFSFJÖRÐUR ÞVERÁ

Hús nr. 9.

- *Leigutími:* 07/06 – 30/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 36.700



SKÁLÁ Í FELLI **NÝTT**

Stórt hús með heitum potti.

- *Leigutími:* 14/06 – 23/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 47.500



SIGLUFJÖRÐUR GAGGINN

NÝTT

Tvær íbúðir.

- *Leigutími:* 03/05 – 30/08/2019
- *Vikudvöl:*
Stærri íbúð: kr. 45.000
Minni íbúð: kr. 42.500



HRÍSEY BERG

Einbýlishús. Á lóðinni eru sandkassi og rólur.

- *Leigutími: 07/06 – 05/07/2019 og 19/07 – 30/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



AKUREYRI HRAFNAJLSSTRÆTI 19

Íbúð á besta stað í bænum. Stutt í sundlaugina.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



AKUREYRI HÁLÖND

Þrjú orlofshús í Hálöndum (Hlíðarfjalli) ofan við Akureyri. Fallegt útsýni er úr húsunum yfir Akureyri og Eyjafjörð.

- *Leigutími: allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 47.000*
- *Í Holtalandi 12 eru gæludýr velkomin*



FNJÓSKADALUR ILLUGASTAÐIR

Tvö hús, nr. 5 og 28. Á svæðinu er lítil verslun sem selur helstu nauðsynjar. Sundlaug, gufubað, leiktæki og minigolf er á svæðinu.

- *Leigutími: 07/06 – 23/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



AÐALDALUR Í LANDI NÚPA

Húsin eru opnuð um leið og frost fer úr jörðu og hægt er að hleypa vatni á, sjá nánar á bókunarvef.

- *Leigutími: 01/06 – 14/09/2019*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



SVARFAÐARDALUR LAUGASTEINN

Íbúðin er á efri hæð í tvíbýli. Stutt er í sundlaug.

- *Leigutími: 7/6 – 23/8 2019*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



AUSTURLAND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Egilsstaðir Miðhús	4	70	3	já	6-8	8	já	já	nei	gas	já
Strandaháls Klifabotn	1	60	2	nei	8	8	nei	nei	nei	gas	já
NYTT Bakkagerði í Borgarfirði eystri, Brautarholt	1	160	4	já	10	10	nei	já	nei	gas	nei

Skiptidagar eru föstudagar. Nettenging er í orlofshúsum í Miðhúsum en ekki í öðrum á svæðinu.



EGILSSTAÐIR MIÐHÚS

Fjögur hús, nr. 1-4.
Í stofu er arinofn. Við húsin eru
heitir pottar.

- *Leigutími allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



STRANDAHÁLS KLIFABOTN

Hús nr. 9.
Sumarhúsið er við Strandaháls
austan við Laxá í Lóni.

- *Leigutími: 7/6 – 30/8/2019*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*




BAKKAGERÐI Í BORGARFIRÐI EYSTRI, BRAUTARHOLT

NÝTT

Einbýlishús á Borgarfirði eystri.

- *Leigutími: 1/6. – 30/8/2019.*
- Að undanskildum vikunum*
- 26/7 – 2/8 og 2/8 – 9/8*
- *Vikudvöl: kr. 47.000*



Velkomin í þjónustuver BHM

Þjónustuver BHM veitir félagsmönnum aðildarféлага
upplýsingar og þjónustu vegna umsókna um orlofskosti
OBHM eða styrki úr sjóðum bandalagsins.

Þjónustan er veitt gegnum netspjall, tölvupóst, í síma
eða á staðnum.

Opið alla virka daga milli kl. 9:00 og 16:00.

Sími 595 5100

sjodir@bhm.is


www.bhm.is/styrkir-og-sjodir



SUÐURLAND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Brekkuskógur A1 óuppgerð	6	46	2	já	4-6	4-6	já	já	nei	gas	já
Brekkuskógur A2 uppgerð	9	46	1	já	4-5	6	já	já	Í þjónustumiðstöð	gas	já
Brekkuskógur A3 ný	2	56	2	já	4-6	6	já	já		gas	já
Brekkuskógur B1	1	75	3	nei	6-8	8	já	já		gas	já
Brekkusk. B2, f/hreyfih.	1	75	2	nei	4-8	8	já	já		gas	já
Brekkuskógur C	5	50	2	já	4-8	6	já	já		gas	já
Brekkuskógur C stærra	1	60	2	já	4-8	6	já	já		gas	já
Brekkuskógur F	2	95	3	nei	8	8	já	já		gas	já
Brekkuskógur D	1	120	3	já	8-10	10	já	já	já	gas	já
Brekkuskógur E	2	95	3	nei	8	8	já	já	já	gas	já
Úthlíð	1	55	3	nei	6	6	nei	nei	nei	gas	já
Vestm.eyjar Heiðarvegur 20	1	55	1	nei	4-6	6	nei	nei	já	gas	nei
Vestm.eyjar Skólavegur 41	1	107	3	nei	6-8	8	já	nei	já	gas	nei
Flúðir	1	53	3	nei	6	6	nei	já	nei	gas	já
Apavatn	1	109	3	já	10	10	já	Já	já	gas	já

Skiptidagar eru föstudagar nema í Vestmannaeyjum fimmtudagar. Frí nettenging er í þjónustumiðstöð í Brekkuskógi en greiða þarf fyrir netaðgang í orlofshúsum í Brekkuskógi. Í Brekkuskógi eru þvottavélar í D og E húsum og í þjónustumiðstöð. Í D húsinu er einnig þurrskápur. Gæluþýr velkomin í hús nr. 14, 15, 16, 17 og 37 í Brekkuskógi.





BREKKUSKÓGUR A1

Óuppgerð A-hús

Húsin eru nr. 5 til 8 og 15 og 16.
Í húsum nr. 15 og 16 eru gæludýr velkomin.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 11.752*



BREKKUSKÓGUR A2 og A3

Hús A2 eru nr. 1 til 4, 9, 10, 11, 14 og 17. Þau eru uppgerð A-hús. Hús A3 eru nr. 12 og 13 eru ný A-hús. Í húsum 14 og 17 eru gæludýr leyfð.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



BREKKUSKÓGUR B1 OG B2

Húsin eru nr. 22-24. Hús nr. 23 er með góðu aðgengi fyrir fatlaða og hafa þeir forgang að húsinu við úthlutun.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



BREKKUSKÓGUR C

Húsin eru nr. 25-30.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



BREKKUSKÓGUR C STÆRRA

Hús nr. 40.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



BREKKUSKÓGUR D

Hús nr. 41.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 47.000*



BREKKUSKÓGUR E

Húsin eru nr. 18 og 19.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 40.700*



BREKKUSKÓGUR F hús

Húsin eru nr. 37 og 38.
Í hús nr. 37 eru gæludýr velkomin.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 40.700*

VERÐLAUNAMYNDIR Í LJÓSMYNDASAMKEPPNI OBHM ÁRIÐ 2019

Flokkur: Útivist

Mynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir



Flokkur: Orlofsdvöl

Mynd: Rósana Ragimova Davudsóttir



*Stjórn OBHM þakkar öllum þeim sem tóku
þátt í ljósmyndasamkeppni sjóðsins 2019.*



ÚTHLÍÐ GUÐJÓNSGATA 11

- *Leigutími:* 07/06 – 30/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 29.200



VESTMANNAEYJAR HEIÐARVEGUR 20

Íbúð á jarðhæð.

- *Leigutími:* 07/06 – 02/08/2019 og
09/08 – 31/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 29.200



VESTMANNAEYJAR SKÓLAVEGUR 41

Einbýlishús á einni hæð.

- *Leigutími:* 05/06 – 12/06/2019 og
19/06 – 26/06/2019 og
03/07 – 31/07/2019 og
07/08 – 04/09/2019
- *Vikudvöl:* kr. 40.700



FLÚÐIR ÁSABYGGÐ


Sumarbústaður nr. 37.

- *Leigutími:* 07/06 – 30/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 29.200



APAVATN

- *Leigutími:* 31/05 – 02/08/2019 og
09/08 – 30/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 47.000



HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Reykjavík Álagrandi 8	1	62	1	nei	4	4	já	já	nei	gas	nei
Reykjavík Flyðrugrandi 10	1	68	2	nei	4-6	5	já	já	nei	gas	nei
Reykjavík Neðstaleiti 8	1	60	1	nei	4	4	já	já	nei	gas	nei

Skiptidagar eru föstudagar. Netaðgangur er í öllum orlofsíbúðum á svæðinu.



REYKJAVÍK NEÐSTALEITI 8

Íbúðin er á 1. hæð í fjölbýlishúsi skammt frá Borgarleikhúsinu og Kringlunni.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



REYKJAVÍK ÁLAGRANDI 8

Íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



REYKJAVÍK FLYÐRUGRANDI 10

Íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*





ÚTLÖND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Skipti-dagur
Ordrup Danmörku	1	118	3	nei	8	8	já	já	já	nei	föstud.
Ringsted Danmörku	1	220	4	já	8-10	10	já	já	já	já	föstud.
Lückendorf Þýskaland	1	500	6	3 hæðir	12	12	já	já	já	já	þriðjud.
Ailingen Þýskaland	1	65	2	nei	4-5	4	nei	nei	nei	nei	laugard.
Myllan Frakklandi	1	350	8	3 hæðir	12	12	já	já	já	nei	laugard.
Las Mimosas Spáni	1	56	2	nei	4-6	6	nei	nei	já	nei	fimmtud.
Torrevieja Spáni	1	60	2	nei	6	6	já	já	já	nei	fimmtud.
NÝTT Cobo Roig – Calle Fuego 5	1	84	3	nei	6	6	já	já	já	já	fimmtud.
NÝTT Cobo Roig – Calle Cielo 5	1	50	2	nei	4	4	já	já	já	já	fimmtud.
NÝTT Las Chimosas	1	56	2	nei	4	4	já	nei	já	nei	fimmtud.

Í Ordrup og Ringsted í Danmörku og Lückendorf í Þýskalandi eru gasgrill en kolagrill er í Myllunni í Frakklandi. Barnarúm og stólar eru í öllum húsum sem og útvarp og sjónvarp.

DANMÖRK ORDRUP – NISSESTIEN 16

Sumarhúsið er 118 m² og í um 50 mínútna fjarlægð frá Kaupmannahöfn, í rólegu hverfi við lítinn bæ sem heitir Ordrup. Húsið er 2 km frá einni bestu baðströnd í Danmörku, alveg við einn stærsta golfvöll á Norður-Sjálandi (Dragsholm Golfklub) og Sommerland Sjælland skemmtigarðurinn er í 15 mín fjarlægð.

- *Leigutími:* 24/05 – 13/09/2019
- *Vikudvöl:* kr. 74.500



DANMÖRK RINGSTED – ØVEJ 10

Nýuppgert 220 m² hús með fjórum svefnherbergjum með tvíbreiðum rúmum og svefnloft með tveimur dýnum. Tvö baðherbergi eru í húsinu. Stórt eldhús með öllum þægindum og stór stofa með sjónvarpi, dvd-spilara og þráðlausu neti. Húsið er miðsvæðis á Sjálandi.

- *Leigutími:* 07/06 – 30/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 114.000



ÞÝSKALAND VILLA LÜCKENDORF

Villa Lückendorf var byggð á uppgangstímum um aldamótin 1900. Ekkert var til sparað hvorki í efnisvali, skreytingum né vinnu og ber húsið vitni um það hvar sem á er litið.

Í *Villa Lückendorf* er rúm fyrir 12 manns í sjö herbergjum. Kringum húsið er 8000 m² skrudgarður með listaverkum frá aldamótunum, danspallur, eldstæði og púttvöllur, foss, tjörn og göngustígar.



Villan stendur í jaðri þorpsins Lückendorf þar sem um 600 manns búa. Þorpið er mjög gamalt og liggur við landamæri Tékklands en í göngufæri er næsta þorp handan landamæranna þar sem eru ölstofur og veitingahús.

Um 10 mínútna akstur er á baðströnd og 500 m gangur að tennisvöllum og golfvöllur er í nágrenninu. Í fjöllunum og hæðunum í kring, sem eru að mestu skógivaxin, eru samtals 80 km langar göngu-/hjólaleiðir, vinsælir klifurklettar og fjölbreytt dýralíf. Fjöldi antíkmarkaða er í næstu borgum og stærsti flóamarkaður Póllands er í 40 mínútna akstursfjarlægð.

- *Leigutími:* 21/05 – 24/09/2019
- *Vikudvöl:* kr. 135.000

ÞÝSKALAND BODENSE-AILINGEN

Íbúðin við Goldparmänenweg 9 er í 5 km fjarlægð frá flugvelli í Friedrichshafen í Ailingen. Íbúðin er í göngufjarlægð frá verslun og matsölustað. Íbúðin er 65 m² með tveimur svefnherbergjum, bæði með tvöföldum rúmum. Svefnaðstaða er fyrir annað hvort fjóra fullorðna eða tvo fullorðna og þrjú börn. Úr stofu er gengið út á svalir. Tvö baðherbergi eru í íbúðinni annað er með sturtu. Lín og handklæði fyrir fjóra fylgja leigunni.



- *Leigutími:* 08/06 – 24/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 58.000

FRAKKLAND MYLLAN Í COMMISSSEY

Myllan í Commissey er í námunda við vínræktarhéraðið Chablis, sem er í tveggja tíma akstursfjarlægð frá París í norðurhluta Búrgundíhéraðs í útjaðri smábæjarins Commissey og liggur landareign hennar að akurlendi. Mikil kyrrð er á svæðinu en samt sem áður er stutt í helstu þjónustu.



Búrgundí er yfirleitt lýst sem vöggvín- og matarmenningar í Frakklandi. Commissey liggur í nokkurra kílómetra fjarlægð frá vínhéruðunum Chablis og Irancy, en um klukkutíma akstur er til vínhéraðanna við Beaune, Côte d'Or, Sancerre og Champagne.

Íbúðarhúsið er 330 m² með átta rúmgóðum svefnherbergjum, tvær stofur og er önnur þeirra 65 m² á jarðhæð og er hún jafnframt borðstofa. Einnig er 45 m² stofa á annarri hæðinni og er útgengt þaðan á yfirbyggða verönd. Útveggir hússins eru mjög þykkir sem kemur í veg fyrir að húsið hitni of mikið á sumrin eða kólni of mikið á veturna. Í Myllunni er gistirými fyrir 12.

Góð afþreying er fyrir börn á svæðinu. Þar geta þau leikið sér við uppistöðulónið við Mylluna og vinsælt er á sumrin að hoppa út í Armannsonsána sem er í 200 metra fjarlægð frá húsinu. Hægt er að spila borðtennis og körfubolta í skemmu sem fylgir Myllunni. Meðfram Búrgundí-skipaskurðinum eru yndislegar göngu-, hlaupa- og hjóltreiddaleiðir innan um fallega og blómlega akra. Stutt er í golfvöll, tennisvelli, körfuboltavöll og fótboltavöll. Tveggja tíma akstur er í ýmsa skemmtigarða svo sem Disneyland og Nigloland. Í um 50 kílómetra fjarlægð er Morvan-þjóðgarðurinn sem er náttúruperla. Í Morvan er mikið af söfnum og fjölbreyttri afþreyingu og þar er m.a. hægt að leigja hesta. Auk þess sem hjólaleiga er í nágrenninu.

- *Leigutími:* 25/05 – 14/09/2019
- Leigjandi hefur húsið frá kl. 18:00 á laugardegi til kl. 9:00 á laugardegi viku síðar*
- *Vikudvöl:* kr. 135.000

SPÁNN LAS MIMOSAS

Aloe íbúð nr. 60 við Calle Del Zorro er innan við 100 km frá Alicante. Íbúðin er á 2. hæð og er 56 m² og með gistiðstöðu fyrir fjóra til sex. Út frá stofu eru svalir með garðhúsgögnum auk þess eru 45 m² svalir með garðhúsgögnum, grilli og tveimur legubekkjum á þaki hússins. Loftkæling er í íbúðinni. Á útisvæði er stór sameiginleg sundlaug. Sængurfatnaður, borðklútar og handklæði eru innifalin í verði. Umsjónarmaður hússins tekur að sér að þvo þvott og þrif á íbúð fyrir gesti gegn gjaldi.



- *Leigutími:* 30/05 – 29/08/2019
- *Vikudvöl:* kr. 36.700

SPÁNN TORREVIEJA – CALLE SAN POLICARPO 87

60 m² þriggja herbergja íbúð miðsvæðis í Torrevieja á Alicante með svölum og gistiðstöðu fyrir 6 manns. Í hjónaherbergi er tvíbreitt rúm, tvö 90 cm breið rúm í aukaherbergi og svefnsófi fyrir tvo í stofu. Barnarúm og barnastóll fylgja. Aðgangur er að sameiginlegri sundlaug og þaksvölum með góðri aðstöðu til sólbaða. Stutt er í verslunarmiðstöð, á ströndina og í miðbæinn. Íbúðin er búin húsgögnum og ýmsum öðrum búnaði, m.a. borðbúnaði, eldhústækjum, flatskjá, DVD-spilara, þvottavél og loftkælingu. Sængur og koddar fyrir 6 manns og þrif eru innifalin í verði.



- *Leigutími:* 23/05 – 05/09/2019
- *Vikudvöl:* kr. 36.700

SPÁNN TORREVIEJA – LAS CHIMOSAS

NÝTT

Íbúðin er rétt hjá sameiginlega sundlaugagarðinum á svæðinu. Hún er staðsett á 2. hæð til vinstri og er 56 fermetrar auk sér þaksvala sem eru 45 fermetrar. Í íbúðinni er baðherbergi með sturtu, tveimur svefnherbergjum, stofu og eldhúsi. Auk þess eru litlar svalir út af stofu. Í íbúðinni er svefnpláss fyrir fjóra fullorðna og eitt barn í barnarúmi.



- *Leigutími:* 30/05 – 13/09/2019
- *Vikudvöl:* kr. 36.700

SPÁNN**TORREVIEJA – CABO ROIG – CALLE FUEGO 5****NÝTT**

Um er að ræða raðhús er á þremur hæðum og er 84 fermetrar, auk verandar og tveggja svala. Á jarðhæð er lítið baðherbergi með salerni, vaski og sturtu. Á annarri hæð er gott baðherbergi með salerni, vaski, baðkari með sturtuaðstöðu og lítilli innréttingu. Ein sofa, borðstofa og eitt eldhús eru á fyrstu hæð húsin. Þá eru þrjú svefnherbergi í húsinu, gistirými er fyrir 6 manns. Á annarri hæð eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og í hinu eru tvö einstaklingsrúm. Á þriðju hæð er eitt svefnherbergi og þar eru 2 einstaklingsrúm. Öll svefnherbergin eru með loftkælingu. Út frá eldhúsi er yfirbyggt rými/geymsla, þar er útisturta, þvottavél, hreinlætisáhöld og m.a. kælibox, roller fyrir ströndina eða markaðinn, stólar fyrir ströndina, leikföng og fleira. Á annarri hæð eru litlar svalir og á þriðju hæð hússins eru góðar sólarvalir, þar eru borð, stólar, bekkir og sólhlíf. Sameiginlegur sundlaugargarður fylgir húsinu, þar er stór sundlaug, sturtur og aðstaða til að slaka á við laugina og fallet út útsýni yfir ströndina.



- *Leigutími: 07/06 – 30/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 47.500*

SPÁNN**TORREVIEJA – CABO ROIG – CALLE CIELO 5****NÝTT**

Íbúðin sem er í úthverfi Torrevieja borgar og er 50 fermetrar auk 50 fermetra sér þaksvla. Íbúðinni tilheyrir sérmerkt bílastæði í bílakjallara undir húsinu sem er með lyftu upp. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi sem er 160cm að breidd og hitt með 135cm hjónarúmi að breidd og koju fyrir ofan sem er 90cm að breidd. Aukadýna er undir rúmi sem er 90cm að breidd og má setja á stofugólf, sama gildir um góða loftdýnu sem er í íbúð. Barn/unglingur gæti jafnvel sofið í leðursófa í stofu. Út frá stofu eru litlar svalir. Baðherbergi og eldhús er í íbúðinni. Sundlaugargarður er í sameign sem gestir hafa aðgang að, þar má finna sundlaug, barnalaug, sturtur og salerni og aðstöðu til að fara í sólbað. Gestamóttaka sem opin er allan sólahringinn er í anddyri byggingar.



- *Leigutími: 07/06 – 30/08/2019*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*


AÐBÚNAÐUR

	Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss ²	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur	Net	Gælu-dýr	Skipti-dagur	Verð
Vesturland	Hvalfjarðarsv. Hafnarás 5	1	94	3	nei	6-8	8	já	nei	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	29.200
	Hreðavatn v/Bifröst	4	52	3	nei	6-8	6	já	já	nei	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
	Hreðavatn v/Bifröst nr. 22	1	52	3	nei	6-8	6	já	já	nei	gas	já	já	já	föstud.	29.200
	Hreðavatn v/Bifröst nr. 10	1	89	3	nei	8	8	Já	já	nei	gas	já	já	já	föstud.	40.700
	Stykkish. Laufásvegur 21	1	67	3	2 hæðir	7	7	já	já	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	36.700
	Stykkish. Reitarvegur 2	1	65	2	nei	6-8	8	já	nei	já	kola	nei	nei	já	föstud.	36.700
Vestfirðir	Barðaströnd Flókalundur	1	42	2	nei	6-7	6	já	nei	nei	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
	Þingeyri Aðalstræti 22	1	110	3	2 hæðir	6	6	nei	nei	já	kola	nei	nei	nei	föstud.	36.700
	Þingeyri Vallargata 18	1	98	2	nei	4-6	8	já	nei	já	kola	nei	nei	nei	föstud.	36.700
	Dýrafjörður Ketilseyri	1	158	4	nei	8	8	já	já	já	gas	nei	nei	nei	föstud.	36.700
	Súðavík Túngata 14	1	122	4	nei	8	8	nei	já	já	gas	já	nei	nei	föstud.	36.700
	NYTT Súðavík, Aðalgata 56	1	125	4	nei	8	8	nei	já	já	nei	nei	nei	nei	föstud.	36.700
Norðurland	Hólmavík Höfðagata 13	1	115	4	2 hæðir	10-12	12	já	nei	já	gas	nei	nei	nei	föstud.	40.700
	Tálknafj. Kirkjubraut 4 og 6	2	78	3	já	57	7	já	já	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	40.700
	Blönduós	2	56	2	nei	6-8	8	já	nei	já ¹	gas	já	nei	já	föstud.	32.700
	Hólar í Hjaltadal	1	98	3	nei	7	7	nei	nei	nei	kola	nei	nei	nei	föstud.	36.700
	Hólar í Hjaltadal	1	78	2	nei	4-6	6	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	föstud.	29.200
	Hraun í Öxnadal	1	115	3	já	6-8	8	nei	já	já	kola	nei	já	nei	föstud.	40.700
Austurland	Ólafsfjörður Þverá nr. 9	1	100	2	nei	6-8	6	já	nei	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	36.700
	Ólafsfjörður Þverá nr. 7	1	60	2	nei	8	8	já	nei	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	36.700
	NYTT Skálá í Felli	1	125	5	nei	8	8	nei	já	já	nei	já	já	nei	föstud.	47.500
	NYTT Siglufj. Gagginn/stærri íbúð	1	95	2	nei	6	6	nei	já	já	nei	nei	já	nei	föstud.	45.000
	NYTT Siglufj. Gagginn/minni íbúð	1	69	1	nei	4	4	nei	já	já	nei	nei	já	nei	föstud.	42.500
	Hrísey Berg	1	86	3	nei	8	8	já	já	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	36.700
Austurland	Akureyri Hrafnagilsstræti	1	83	2	nei	4-6	6	já	já	nei	nei	nei	já	nei	föstud.	29.200
	Akureyri Hálönd	2	108	3	nei	10	10	já	já	já	gas	já	já	nei	föstud.	47.000
	Akureyri Hálönd – Gælu.	1	108	3	nei	10	10	já	já	já	gas	já	já	já	föstud.	47.000
	Svarfaðard. Laugarsteinn	1	110	3	nei	6-8	6	já	já	já	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
	Fnjóksdalur Illugastaðir	2	45	2	nei	8	8	já	nei	já ¹	gas	já	nei	nei	föstud.	29.200
	Aðaldalur m/svefnlofti	5	45	2	já	6-8	8	já	nei	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	29.200
Austurland	Aðaldalur	1	46	2	nei	4-6	7	já	nei	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	29.200
	Egilsstaðir Miðhús	4	70	3	já	6-8	8	já	já	nei	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
	Strandaháls Klifabotn	1	60	3	nei	8	8	nei	nei	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	29.200
	NYTT Bakkagerði í Borgarfirði eystri, Brautarholt	1	160	4	já	10	10	nei	já	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	47.000

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss ²	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur	Net	Gælu-dýr	Skipti-dagur	Verð
Brekkuskógur A1 óuppperð	6	46	2	já	4-6	6	já	já	já ¹	gas	já	já	já/nei ³	föstud.	11.752
Brekkuskógur A2 uppperð	9	46	1	já	4-5	6	já	já	já ¹	gas	já	já	já/nei ⁴	föstud.	29.200
Brekkuskógur A3 ný	2	56	2	já	4-6	6	já	já	já ¹	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
Brekkuskógur B1	2	75	3	nei	6-8	8	já	já	já ¹	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
Brekkusk. B2 f/hreyfiha.	1	75	2	nei	4-8	8	já	já	já ¹	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
Brekkuskógur C	5	50	2	já	4-8	6	já	já	já ¹	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
Brekkuskógur C stærra	1	60	2	já	4-8	6	já	já	já ¹	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
Brekkuskógur D stórt	1	120	3	já	8-10	10	já	já	já	gas	já	já	nei	föstud.	47.000
Brekkuskógur E	2	95	3	nei	8	8	já	já	já	gas	já	já	nei	föstud.	40.700
Brekkuskógur F	2	95	3	nei	8	8	já	já	já	gas	já	já	já/nei ⁵	föstud.	40.700
Úthlíð	1	55	3	nei	6	6	nei	nei	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	29.200
Vestm.eyjar Heiðarvegur 20	1	55	1	nei	4-6	6	nei	nei	já	gas	nei	nei	nei	fimmtud.	29.200
Vestm.eyjar Skólavegur 41	1	107	3	nei	8	8	já	nei	já	gas	nei	nei	nei	fimmtud.	40.700
Flúðir	1	53	3	nei	6	6	nei	já	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	29.200
Apavatn	1	109	3	já	10	10	já	já	já	gas	já	nei	já	föstud.	47.000
Reykjavík Álagrandi 8	1	62	1	nei	4	4	já	já	nei	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
Reykjavík Flyðrugrandi 10	1	68	2	nei	4-6	5	já	já	nei	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
Reykjavík Neðstaleiti 8	1	60	1	nei	4	4	já	já	nei	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
Reykjavík Gvendargeisli 80	1	105	2	nei	6	6	já	já	já	gas	nei	já	nei	föstud.	40.700

¹ Í þjónustumiðstöð.² Svefnpláss 5-7 = Fimm í rúmi og tveir á dýnum.³ Gæludýr velkomin í hús nr. 15 og 16.⁴ Gæludýr velkomin í hús nr. 14 og 17.⁵ Gæludýr velkominn í hús nr. 37.

SUMARHÚSA+ VÖRN



HVAR SEM ÞÚ ERT

Með Sumarhúsavörn+ stjórnar þú, stillir og fylgist með í appinu og getur bætt við skynjurum, snjalltengjum og aukabúnaði eins og þér hentar. Sólhringsvakt Securitas og samstarf við Alarm.com tryggir þér fullkomid sumarhúsakerfi og öruggar lausnir.

Hringdu í 580 7000 eða farðu á sumarhúsavorn.is



SAMSTARFSABILLI  ALARM.COM

LSR

Lífeyrisréttindin þín



Þekkir þú réttindin þín hjá **LSR**?

- Ellilífeyri ævilangt
- Örorkulífeyri komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss
- Maka- og barnalífeyri
- Viðbótarlífeyrissparnað

Vertu velkomin í ráðgjöf
um lífeyrismál.



Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is